

Lög

**um breytingu á lögum um framboð og kjör forseta Íslands
og lögum um kosningar til Alþingis (rafræn söfnun
meðmæla, heiti sveitarfélaga).**

I. KAFLI

**Breyting á lögum um framboð og kjör forseta Íslands,
nr. 36/1945, með síðari breytingum.**

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að mæla fyrir um í reglugerð að safna megi meðmælum með forsetaefni rafrænt. Ráðherra skal m.a. mæla fyrir um form og viðmót sem Þjóðskrá Íslands lætur í té, tegund rafrænnar auðkenningar meðmælenda, meðferð persónuupplýsinga og varðveislu og eyðingu upplýsinga. Við rafræna skráningu meðmæla er Þjóðskrá Islands heimilt að kanna hvort meðmælandi sé kosningarbær.

Þjóðskrá Íslands er heimilt að beiðni yfirkjörstjórnar að samkeyra meðmælentalista forsetaefnis við þjóðskrá að fullnægðum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. janúar 2021.

II. KAFLI

**Breyting á lögum um kosningar til Alþingis,
nr. 24/2000, með síðari breytingum.**

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 6. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Akureyrarkaupstaður“ í 2. tölul. kemur: Akureyrarbær.
- b. Orðið „Breiðdalshreppur“ í 2. tölul. fellur brott.
- c. Í stað orðanna „Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður“ í 3. tölul. kemur: Suðurnesjabær.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 14. apríl 2020.